



Árshátíð Kerhólsskóla


Í ár settu nemendur Kerhólsskóla upp sýninguna Grease í nútímavæddum búning á árshátíð skólans.

Nemendur grunnskólans og elsti árgangur leikskólans tóku þátt í sýningunni og stóðu sig frábærlega. Þau voru búin að vinna hörðum höndum að undirbúningi í margar vikur þar sem nemendur bjuggu til leikmynd, saumuðu búninga og æfðu söng og leik.

Öll voru velkomin að koma á sýninguna en ágóðinn rann í ferðasjóð unglingadeildar.

Nemendur fengu starfsmenn RÚV til sín á æfingu sem tóku upp innslag fyrir Landann og við hvetjum alla til að fylgjast með því.









Við minnum á örstutta könnun um heilsueflandi samfélag og heimsmarkmiðin.

Hlekk á könnunina er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is og á facebooksíðu sveitarfélagsins. Við hvetjum fólk til að taka þátt og aðstoða okkur þannig við að búa til heilsusamlegt samfélag sem kemur til móts við þarfir fólksins.

Ef einhverjar spurningar eru um spurningalistann eða annað tengt heilsueflandi samfélagi má hafa samband við heilsu- og tómstundafulltrúa á netfangið gudrunasa@gogg.is eða í síma 4805515.



HEIMSMARKMIÐIN
um sjálfbæra þróun

Kæru íbúar.

Nú er mars runninn upp og veturinn að klárast og vorið framundan. Vinna við skipulagningu hverfa í nærumhverfi Borgar hefur verið nokkuð áberandi í störfum sveitarfélagsins í vetur og verður gaman að geta farið af stað með vinnu við þær framkvæmdir sem áætlaðar eru á árinu.

Vatnsöflun er einnig í fullum gangi, bæði hvað varðar heitt og kalt vatn í sveitarfélaginu. Hugsað er til framtíðar í þeim efnum og vonandi höfum við fréttir af þeim málum þegar líða tekur á árið.

Það sem stóð hæst í febrúar að mínu mati var svo árshátíð Kerhólsskóla en þar var sett upp metnaðarfull sýning á Grease og ljóst að við eigum miklar upprennandi stjórnur í hópi frábærra og frambærilegra barna og unglinga sem leggja stund á nám í skólanum okkar. Frábær sýning í alla staði og allir þeir sem komu að henni eiga hrós skilið.

Nú höfum við verið að vinna að endurskipulagningu Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, þar sem Hveragerði og Ölfus gengu úr samstarfinu fyrr í vetur. Uppsveitir og Flói hafa ákveðið að halda áfram sínu samstarfi og verður aðal starfstöðin í Laugarási a.m.k fyrst um sinn. Þar hefur byggðasamlagið fengið á leigu rými sem áður hýsti apótekið á staðnum því til þess að rúma alla starfsemi beggja sviðanna vantaði meira pláss en verið hefur í heilsugæsluhúsinu.


Læt fylgja eina gleðimynd af nemendum Kerhólsskóla.

Sveitarstjóri



Krossgáta

Mars 2023



Lárétt

- 2 Kind
- 4 Kál
- 5 Blaut
- 8 Vægð
- 9 Reyfi
- 11 Leikrit í Kerhólsskóla
- 14 Útisvistarstaður

Lóðrétt

- 1 Inniloka
- 3 Ekkert lögheimili
- 6 Tveir eins
- 7 Mánuður
- 10 Frjálst
- 12 Bókstafur
- 13 Föstudagar í sundlauginni



Íþróttamiðstöðin Borg

Við leitum að þjónustulundduðu fólki í
sumarstarf frá 1. júní 2023 til

20. ágúst 2023

(Lágmarksaldur er 18 ára.)

STARFSSVIÐ OG VERKEFNI

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu, afgreiðslu og eftirlit með íþróttahúsi og þreksal.
- Almenn þrif.

Umsækjandi mun sækja námskeið í skyndihjálp og þarf að standast hæfnispróf sundstaða.

HÆFNISKRÖFUR

- Hafi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Dugnaður, stundvísi og samviskusemi.
- Þurfa að standast námskeið í skyndihjálp og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Umsóknum skal skila til forstöðumanns
Íþróttamiðstöðvarinnar Borg á netfangið rut@gogg.is.

Nánari upplýsingar gefur
Rut Guðmundsdóttir í síma 899-8841.

Opið hús 60+

Opið hús í félagsheimilinu Borg þar sem öllum 60 ára og eldri er boðið að koma, hitta aðra og spjalla yfir kaffi og meðlæti.

15. mars kl. 14:00

Verð 500kr. á mann.

Skv. könnun eldri borgara í sveitarfélaginu langar flesta að geta komið saman í kaffi og spjallað. Það kom einnig fram áhugi á að bjóða fólki frá 60 ára aldri að taka þátt í starfinu.



VERZLUNIN BORG

OPNUNARTÍMI FRÁ 1. SEPTEMBER 2022
MÁNUDAGA TIL LAUGARDAGA 10:00 - 18:00
SUNNUDAGA 12:00 - 16:00
SÍMI: 551 7509



**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:**

**jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps

Opnunartímar

Mánudaga – 15:00 til 17:00

Þriðjudaga – 15:00 til 17:00

Miðvikudaga – 10:00 til 12:00



Kvöldopnun:

Fimmtudaginn 2. mars frá 19:30 til 21:30

Þriðjudaginn 7. mars frá 19:30—22:00 Handverksskvöld

Fimmtudaginn 23. mars frá 19:30 til 21:30

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2023

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500 kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000 kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30 kr.

Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50 kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útláns gagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur



Handverksskvöld

7. mars kl. 19:30

á Bókasafni Grímsnes og Grafningshrepps. Endilega kíkjið og hafið með ykkur handverk, öll velkomin.




Girðingarvinna

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir eftir aðila til að sjá um viðhald á veggirðingum meðfram stofnvegum í sveitarfélaginu. Viðkomandi þarf að hafa kunnáttu til girðingarvinnu og hafa bíl og/eða dráttarvél til umráða.

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri.

Umsóknarfrestur er til 15. mars n.k. og óskast umsóknum skilað skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins eða með tölvupósti á netfangið

sveitarstjori@gogg.is





Sveitarstjórn 540. fundur 01. febrúar 2023
kl. 09:00–10:20 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði
Iða Marsibil Jónsdóttir Sveitarstjóri

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 5. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 12. janúar 2023.

Fundargerð 5. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 12. janúar 2023 lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 252. fundar skipulagsnefndar UTU, 11. janúar 2023. Mál nr. 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21 og 30 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 253. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 25. janúar 2023.

Mál nr. 11, Neðan-Sogsvegar 14 (L169341); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður, breytt notkun í gestahús – 2212091.
Fyrir liggur umsókn Páls Gunnlaugssonar fyrir hönd Kristjáns Arnarssonar og Sifjar Arnarsdóttur, móttekin 22.12.2022, um byggingarheimild fyrir breyttri notkun í gestahús á þegar byggðum 54,1 m² sumarbústaði mhl 01, byggður árið 1960 sem er staðsettur á sumarbústaðalandinu Neðan-Sogsvegar 14 L169341 í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Núgildandi heimildir deiliskipulags gera ekki ráð fyrir því að aukahús geti verið stærri en 40 fm á lóð. Ekki var gerð athugasemd við að lögð væri fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi þegar fyrirspurn vegna breytinga á skilmálum var tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 19.12.2022.

Umsókn um deiliskipulagsbreytingu hefur ekki borist embætti UTU. Ein af forsendum á útgáfu byggingarleyfis fyrir nýju húsi á lóð Neðan-Sogsvegar 14 var sú að eldra húsið sem um ræðir yrði fjarlæggt af lóðinni og veitti sveitarstjórn frest til árs þann 2.3.22 til að fjarlægja húsið. Óháð heimildum aðalskipulags er varðar stærðir aukahúsa stendur viðkomandi hús innan takmarkana er varða fjarlægð frá Álftavatni.
Sveitarstjórn synjar samhljóða umsókn um breytta notkun hússins og vísar til fyrri afgreiðslna vegna málsins.

Mál nr. 12, Klausturhólar L168258; Klausturhólar vegsvæði; Stofnun lóðar – 2301021.

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni um stofnun lóðar fyrir 24.188 fm vegsvæði úr landi Klausturhóla L168258.
Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

Mál nr. 13, Hæðarendi L168254; Hæðarendi vegsvæði; Stofnun lóðar – 2301022.

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni um stofnun 58.585 fm lóðar fyrir vegsvæði úr landi Hæðarenda L168254.
Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

Mál nr. 14, Búrfell 3 L168238; Búrfell 3 vegsvæði; Stofnun lóðar – 2301023.

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni um stofnun 32.930 fm lóðar fyrir vegsvæði úr landi Búrfells III.
Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

Mál nr. 15, Búrfell 1 L168236; Búrfell 1 vegsvæði; Stofnun lóðar – 2301024.

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni um stofnun 13.908 fm lóðar fyrir vegsvæði úr landi Búrfells 1 L168236.
Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

Mál nr. 16, Búrfell 2 L168237; Búrfell 2 vegsvæði; Stofnun lóðar – 2301025.

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni um stofnun 6.058 fm lóðar fyrir vegsvæði úr landi Búrfells 2 L168237.
Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

Mál nr. 17, Hrauntröð 10 L225329; Breyttir skilmálar; Deiliskipulagsbreyting – 2301040.

Lögð er fram umsókn frá Lív fjárfestingum ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi fristundabyggðar í Vaðnesi, umsækjandi er eigandi lóðar innan svæðisins. Í breytingunni felst að skilmálar er varðar aukahús á lóð væru felldir út úr skipulagi í takt við heimildir aðalskipulags sveitarfélagsins.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði auglýst. Sveitarstjórn leggur til að málið verði sérstaklega kynnt sumarhúsafélagi svæðisins sé það til staðar.

Mál nr. 18, Brjánsstaðir land 1 L200776; Smámýrarvegur; Deiliskipulagsbreyting - 2301047.

Lögð er fram umsókn frá Ark2 ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundabyggðar við Smámýrarveg í landi Brjánsstaða land 1 L200776. Í breytingunni felst fjölgun lóða innan svæðisins úr 10 í 12. Að auki er skipulagið teiknað upp á stafrænan, hnitasettan loftmyndagrunn og skilmálar uppfærðir. Allar lóðir innan svæðisins eru óbyggðar. Sveitarstjórn vísar til almennra skilmála aðalskipulags þar sem segir að almennt sé óheimilt að skipta upp eða sameina frístundalóðir í þegar byggðum frístundahverfum, nema í tengslum við heildarendurskoðun eða gerð nýs deiliskipulags. Þar sem viðkomandi svæði er að hluta til byggt telur sveitarstjórn nauðsynlegt að framlögð deiliskipulagsbreyting verði lögð fram sem heildarendurskoðun á deiliskipulagi svæðisins og taki yfir gildandi deiliskipulag. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málinu verði frestað og felur skipulagsfulltrúa að eiga samskipti við umsækjanda um úrvinnslu málsins.

Mál nr. 19., Kerhraun svæði A, B og C; Frístundabyggð; Skilmálabreyting byggingarheimilda; Deiliskipulagsbreyting – 2301054.

Lögð er fram umsókn frá Gunnari Guðlaugssyni er varðar breytingu á skilmálum deiliskipulags að Kerhrauni svæði A, B og C. Í breytingunni felst að stærð aukahúsa innan lóða verði gefin frjáls innan skilgreinds hámarksnýtingarhlutfalls lóða. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði auglýst. Sveitarstjórn leggur til að málið verði sérstaklega kynnt sumarhúsafélagi svæðisins.

Mál nr. 20., Neðan-Sogsvegur 15 L169420; Norðurkot; Staðfesting á afmörkun lóðar – 2301031.

Lögð er fram umsókn þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun lóðarinnar Neðan-Sogsvegur 15 L169420 skv. meðfylgjandi hnitsettu mæliblaði sem ekki hefur legið fyrir áður. Skv. afmörkun mælist lóðin með stærðina 19.580 fm sem er í samræmi við skráningu í fasteignaskrá. Fyrir liggur undirritað samþykki eigenda aðliggjandi landeigna sem og lóðareigenda lóðarinnar fyrir hnitsettri afmörkun. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi lóðarblað.

Mál nr. 21., Hvítuborgir L218057; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag – 2203020.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags í landi Hvítuborgar L218057 eftir afgreiðslu

Skipulagsstofnunar. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingaheimilda vegna reksturs verslunar- og þjónustu innan svæðisins. Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustuhúsa, starfsmannahúsa auk allt að 15 stakra gistihúsa sem hvert um sig mega vera allt að 90 fm að grunnfleti. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við gildistöku deiliskipulagsins og eru þær athugasemdir lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn tekur ekki undir athugasemdir Skipulagsstofnunar sem lagðar eru fram við afgreiðslu málsins. Heimildir er varðar tjaldsvæði hafa verið felldar út úr skipulagi og ljóst þykir að skipulagssvæðið skarast ekki við deiliskipulagssvæði Hallkelshóla þar sem mörk eru dregin við landamerki. Aðkoma að því svæði verður um land Hallkelshóla en ekki um viðkomandi svæði sem deiliskipulagið tekur til. Að mati sveitarstjórnar fellur skilgreining svæðisins ágætlega að afmörkun landnotkunar á aðalskipulagi sem sýnd er í kvarðanum 1:50.000 á dreifbýlisupprætti aðalskipulags. Skilgreind landnotkun svæðisins og heimildir innan þess eru skýrar og telur nefndin nákvæmni afmörkunar á landnotkunarfláka ekki vera þess eðlis að þörf sé á aðalskipulagsbreytingu vegna legu flákans innan landsins. Skilgreining flákans er auk þess í tveimur pörtum, annarsvegar skilgreint sem hringur og hinsvegar sem afmarkað svæði. Málið verði tekið til nánari skoðunar komi til breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og að Skipulagsstofnun verði send tillagan til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 30, Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 23-177 – 2301004F.

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-177 lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 59. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 24. janúar 2023.

Mál nr. 3, Tillaga að breyttum gjaldskrá, þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 59. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar sem haldinn var 24. janúar 2023. Sveitarstjórn frestar staðfestingu fundargerðarinnar.

d) Fundargerð 224. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 20. janúar 2023. Fundargerð 224. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands sem haldinn var 20. janúar 2023 lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð Almannavarnarnefndar Árnessýslu, 17. janúar 2023. Fundargerð Almannavarnarnefndar Árnessýslu sem haldinn var 17. janúar 2023 lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 591. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 13. janúar 2023.

Fundargerð 591. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var 13. janúar 2023 lögð fram til kynningar.

2. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki II að Sandi 2, fnr 235-2135.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 24. janúar 2023, um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki II að Sandi 2, fnr. 235-2135.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggjast gegn útgáfu rekstrarleyfis á grundvelli laga nr. 85/2007 í flokki II að Sandi 2, fnr 235-2135 á þeim grundvelli að leyfisveitingin samræmist ekki heimildum gildandi deiliskipulags svæðisins.

Sveitarstjórn bendir á að heimildir aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 gera ráð fyrir að gististarfsemi geti verið á frístundasvæðum. Þó er gerð krafa um að gististarfsemi sé skilgreind í skilmálum gildandi deiliskipulags. Heimildir fyrir gististarfsemi innan deiliskipulags eru háðar því að fjöldi bílastæða innan lóðar sé fullnægjandi og að enginn lóðarhafi innan deiliskipulagssvæðisins leggist gegn starfseminni við breytingu á deiliskipulagi eða við gerð nýs deiliskipulags.

3. Bréf frá Yfirfasteignamatnefnd þar sem óskað er eftir umsögn vegna kæru til nefndarinnar í máli nr. 1/2023, Kiðhólsbraut 27.

Fyrir liggur bréf frá Yfirfasteignamatnefnd, dagsett 20. janúar 2023 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna kæru til nefndarinnar í máli nr. 1/2023, Kiðhólsbraut 27.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra ásamt lögmanni sveitarfélagsins Óskari Sigurðssyni hrl að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

4. Bréf frá Karli Björnssyni f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, boðun á landsþing 31. mars næstkomandi.

Lagt fram til kynningar.

5. Aðalfundur Samorku.

Fyrir liggur bréf frá lögfræðingi Samorku, dagsett 27. janúar 2023, þar sem kjörnefnd kallar eftir tillögum frá forsvarsmönnum aðildarfyrtækjanna á lista til stjórnar og varastjórnar.

Lagt fram til kynningar.

6. Staða málstefnu í stoðkerfi ferðaþjónustunnar – Skiptir hún máli?.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 10:20

541. fundur 15. febrúar 2023 kl. 09:00 - 10:50

Stjórnsýsluhúsinu Borg



Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iðla Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iðla Marsibil Jónsdóttir Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða.

a) Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála, tilkynning um kæru mál nr. 17/2023.

b) Bréf frá Lárusi Helgasyni, beiðni um lækkan fasteignagjalda.

c) Fundargerð 51. fundar stjórnar Bergrisans bs., 31. janúar 2023.

d) Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 5. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 30. janúar 2023.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 5. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 30. janúar 2023.

Mál nr. 3 Hitaveita: Prófanir á Sólheimum – fyrstu niðurstöður.

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður framkvæmda- og veitna fór yfir þær mælingar sem hafa átt sér stað á borholunum á Sólheimum að undanfögnu og kynnti fyrstu niðurstöður sem lofa góðu. Gera þurfti hlé á mælingum á meðan mesta kuldakastið stóð yfir seinni part desember og fram í janúar. Nú hafa mælingar verið settar í gang aftur til að safna ítarlegri gögnum um virkni og afköst holanna.

Framkvæmda- og veitunefnd vill koma á framfæri þakklæti til Sólheima fyrir samvinnuna.

Vonast nefndin til þess að niðurstöður úr ítarlegri mælingum skapi grundvöll fyrir frekari samvinnu sveitarfélagsins og Sólheima til framtíðar á sviði heitavatnsöflunar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela formanni framkvæmda- og veitunefndar, sveitarstjóra og umsjónarmanni framkvæmda- og veitna að senda formlegt erindi til framkvæmdastjórnar Sólheima þar sem farið er yfir hvernig hugsanlegu samstarfi sveitarfélagsins og Sólheima gæti verið háttað.

b) Fundargerð 36. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 25. janúar 2023.

Mál nr 1. þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 36. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 25. janúar 2023.

Mál nr. 1. Tillaga nefndarinnar til sveitarstjórnar um formann fjallskilaneftndar.

Fjallskilaneftnd leggur til við sveitarstjórn að Guðrún Sigríður Sigurðardóttir gegni stöðu formanns.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu nefndarinnar.

c) Fundargerð 253. fundar skipulagsneftndar UTU, 8. febrúar 2023.

Mál nr. 24, 25, 26, 27, 28 og 34 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 254. fundar skipulagsneftndar UTU sem haldinn var 8. febrúar 2023.

Mál nr. 24. Minni-Borg L168263; Athafnasvæði við Sólheimaveg; Deiliskipulag - 2204019

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til athafnasvæðis við Sólheimaveg eftir auglýsingu. Skipulagssvæðið skiptist upp í 52 lóðir og gilda sér skilmálar fyrir hverja lóð. Gert er ráð fyrir heimild fyrir hreinlegan léttan iðnað og athafnastarfsemi á svæðinu. Skipulagssvæðinu mun verða skipt upp í framkvæmdaráfanga til að stuðla að hagkvæmni og heildstæðu yfirbragði byggðar. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir uppbyggingu á 15 lóðum, 11 í öðrum áfanga, 13 í þriðja og 12 í fjórða. Lóðir er á bilinu 1.575 m² til 2.400 m². Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins. Í takt við bókun skipulagsneftndar frá 23.11.2022 hefur verið unnin minjaskráning innan svæðisins og hafa minjar verið færðar inn á uppdrátt skipulagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 25. Norðurkot; Frístundabyggð, svæði 1-4; Breytt byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting - 2301079

Lögð er fram umsókn frá Páli Gunnlaugssyni um breytingu á skilmálum deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis í landi Norðurkots. Í breytingunni felst að heimildir er varðar hámarksstærð aukahúss á lóð eru felldar út úr skilmálum deiliskipulagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Sveitarstjórn vekur athygli umsækjanda á að áður nefndar breytingar greiðast af umsækjanda. Sveitarstjórn leggur til að málið verði sérstaklega kynnt sumarhúsfélagi svæðisins sé það til staðar.

e) Fundargerð 97. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 19. desember 2022.

Lögð fram til kynningar fundargerð 97. fundar stjórnar byggðasamlags UTU sem haldinn var 9. febrúar 2023.

Sveitarstjórn vill nota tækifærið og þakka Jóhannesi Hreiðari Símonarsyni vel unnin störf og þann árangur sem náðst hefur með embættið, jafnframt óskar sveitarstjórn Jóhannesi velfarnaðar á nýjum vettvangi.

f) Fundargerð 2. stjórnarfundar Arnardrangs hses., 5. janúar 2023.

Fundargerð 2. fundar stjórnar Arnardrangs hses., sem haldinn var 5. janúar 2023 lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 3. stjórnarfundar Arnardrangs hses., 13. janúar

Fundargerð 3. fundar stjórnar Arnardrangs hses., sem haldinn var 13. janúar 2023 lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 49. fundar stjórnar Bergrisans bs., 5. janúar 2023.

Fundargerð 49. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var 5. janúar 2023 lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 50. fundar stjórnar Bergrisans bs., 13. janúar

Fundargerð 50. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var 13. janúar 2023 lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 3. fundar vinnuhóps um atvinnumálafestfu Uppsveitanna, 24. janúar 2023.

Fundargerð 3. fundar vinnuhóps um atvinnumálafestfu Uppsveitanna sem haldinn var 24. janúar 2023 lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 918. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27. janúar 2023.

Fundargerð 918. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 27. janúar 2023 lögð fram til kynningar.

2. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir liggur beiðni frá Jóhönnu Ester Adamsdóttur um námsvist fyrir barn hennar utan lögheimilissveitarfélags við Sunnulækjarskóla í Sveitarfélaginu Árborg veturinn 2022 að útskrift viðkomandi barns úr grunnskóla. Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða.

3. Minnisblað um úrgangsmál.

Fyrir liggur minnisblað frá Steinari Sigurjónssyni, umsjónarmanni umhverfismála þar sem farið er nokkuð ítarlega yfir úrgangsmál í sveitarfélaginu árið 2022. Í minnisblaðinu er komið inn á að mesta vinnan var í tengslum við undirbúning vegna lagasetningar um innleiðingu hringrásarhagkerfisins sem tók gildi 1. janúar 2023. Sveitarstjórn þakkar Steinari Sigurjónssyni umsjónarmanni umhverfismála fyrir greinagóðar upplýsingar.

4. Deiliskipulag fyrir Vesturbyggð.

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulag fyrir vesturhluta íbúðabyggðar á Borg. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela VERKÍS að senda deiliskipulagið til Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita til meðferðar og umfjöllunar. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að samhlíða verði unnin óveruleg breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins annarsvegar vegna tilfærslu á iðnaðarsvæði 114 vegna hreinsistöðvar og hins vegar vegna skilmálabreytinga á íbúðarsvæðinu.

5. Afrit af bréfi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þar sem kynnt er breytt fasteignamat sumarbústaðar við Hólmasund 23.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til eigenda Hólmasunds 23, dagsett 26. janúar 2023 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

6. Kjarasamningsumboð.

Fyrir liggja drög að samkomulagi milli sveitarfélagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar við þau stéttarfélag sem tilgreind eru í samkomulaginu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samkomulag og felur sveitarstjóra að undirrita það fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Ósk um umsögn frá Innviðaráðuneytinu, varðandi beiðni um undanþágu frá skipulagsreglugerð.

Fyrir liggur erindi frá Innviðaráðuneytinu dagsett 20. desember þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um erindi frá Heimi Þóri Gíslasyni og Hrefnu Hjördísi Guðnadóttur þar sem farið er þess á leit að ráðherra veiti undanþágu sbr. 12. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Á 533. fundi sveitarstjórnar þann 5. október 2022 var tekin fyrir umsókn Heimis Þ. Gíslasonar og Hrefnu H. Guðnadóttur, móttekin 05.09.2022, um byggingarheimild til að byggja 16,1 m² viðbyggingu við sumarbústað (mhl 01) og 30,7 m² garðskála (mhl 03) á sumarbústaðalóðinni Farbraut 15 L169478 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústað eftir stækkun verður 38,8 m². Sveitarstjórn synjaði umsókninni um byggingarleyfi og var umsækjanda bent á að óska eftir undanþágu frá ákvæðum skipulagslaga- og reglugerðar til innviðaráðuneytis á grundvelli 12. mgr. 45. gr. skipulagslaga. Fyrir liggur að byggingarnar sem um ræðir hafa þegar verið byggðar og var því um umsókn um byggingarleyfi vegna óleyfisframkvæmdar að ræða. Samkvæmt afstöðumynd sem lögð var fram við umsóknina eru byggingar staðsettar þétt upp að lóðarmörkum aðliggjandi lóða og samræmast því ekki skilmálum skipulagsreglugerðar 5.3.2.12 er varðar frístundasvæði og takmarkanir vegna fjarlægðar byggingarreita frá lóðarmörkum. Eigendur Farbrautar 15 hafa í kjölfarið leitað til innviðaráðuneytisins og óskað eftir undanþágu.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fordæmir óleyfisframkvæmdir og mælist til þess að við afgreiðslu skipulagsmála sé farið að skilmálum skipulagsreglugerðar til að jafnræðis sé gætt í skipulagsmálum. Í skilmálum

skipulagsreglugerðar 5.3.2.12 segir að ekki skal byggja nær lóðarmörkum en 10 m og má af því ætla að eigendur tveggja aðliggjandi lóða geri ráð fyrir lágmark 20 metrum á milli bygginga. Þ.e. 10 metrum á lóð a frá lóðarmörkum og 10 metrum á lóð b frá lóðarmörkum. Í þessu tiltekna máli liggur fyrir undirritað samþykki allra aðliggjandi lóðarhafa um staðsetningu húsanna á Farbraut 15. Aðliggjandi lóðarhafa hafa því gefið samþykki sitt fyrir því að húsin á Farbraut 15 séu minna en 10 metra frá lóðarmörkum þeirra og má af því skilja að viðkomandi lóðarhafar séu að hafna þeim rétti sínum að nágrannar byggji að lágmarki 10 metra frá lóðarmörkum. Á Farbraut 15 er um óleyfisframkvæmdir að ræða sem fara gegn skipulagsreglugerð 90/2013 en hafa hlotið samþykki nærliggjandi lóðarhafa. Af því gefnu gerir sveitarstjórn athugasemd við óleyfisframkvæmdirnar en gerir ekki athugasemd við að undanþágan vegna nálægðar við lóðarmörk verði veitt.

8. Bréf frá Óttari Guðjónssyni, f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga, vegna stjórnarkjörs.

Fyrir liggur bréf frá Óttari Guðjónssyni fyrir hönd kjörnefndar Lánasjóðs sveitarfélaga, dagsett 10. febrúar 2023, þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um ágang búfjár.

Fyrir liggur minnisblað frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 3. febrúar 2023, um ágang búfjár. Minnisblaðið er ritað vegna álits Umboðsmanns Alþingis 11. október 2022 (11167/2021) og úrskurðar Dómsmálaráðuneytisins 11. janúar 2023 (DMR21080053). Markmið minnisblaðsins er að varpa ljósi á réttarstöðu sveitarfélaga þegar beiðnir um smölun berast sveitarfélögum vegna ágangs búfjár milli landareigna og jafnframt frá afrétti. Minnisblaðið er lagt fram til kynningar.

10. Rökstuðningur fyrir fasteignamati á Finnheiðarvegi 15 frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Á 533. fundi sveitarstjórnar í október 2022 var lagður fram til kynningar úrskurður yfirfasteignamatsnefndar frá 22. september 2022 í máli nr. 4/2022 vegna kæru Grímsnes- og Grafningshrepps á úrskurði Þjóðskrár Íslands varðandi lækun á fasteignamati fasteignarinnar að Finnheiðarvegi 15, Grímsnes- og Grafningshreppi, fnr. 220-8084 fyrir árið 2022. Með úrskurði yfirfasteignamatsnefndar er úrskurður Þjóðskrár Íslands, dags. 16. febrúar 2022, varðandi fasteignamat Finnheiðarvegar 15, Grímsnes- og Grafningshreppi, fnr. 220-8084, fyrir árið 2022, felldur úr gildi.

Á 538. fundi sveitarstjórnar þann 19. desember 2022 var lagt fram til kynningar bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dagsett 1. desember 2022 þar sem kynntur var úrskurður þess efnis að fasteignamat Finnheiðarvegar 15 í Grímsnes- og Grafningshreppi skuli standa óbreytt fyrir 2023. Að því tilefni óskaði sveitarstjórn eftir rökstuðningi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir óbreyttu fasteignamati. Rökstuðningurinn er lagður fram og sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og fá álit hjá lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl.

11. Matvælaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 30/2023, „Drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu“.

Lagt fram til kynningar.

12. Önnur mál

a) Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála, tilkynning um kæru mál nr. 17/2023.

Fyrir liggur tilkynning um stjórnvaldskæru nr. 17/2023 frá Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála þar sem kærð er ákvörðun sveitarstjórnar að leggja hverfismat á Stóra-Grámel í landinu Hagavík C, aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2023, sem var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 29. desember 2022, nr. 1571/2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra ásamt lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl., að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

b) Bréf frá Lárusi Helgasyni, beiðni um lækkun fasteignagjalda.

Fyrir liggur bréf frá Lárusi Helgasyni, dagsett 10. febrúar 2023 þar sem farið er fram á lækkun fasteignagjalda vegna hluta árs 2022 fyrir fasteignina Illagil 21. Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða og felur sveitarstjóra ásamt lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl., að svara erindinu.

c) Fundargerð 51. fundar stjórnar Bergrisans bs., 31. janúar 2023.

Fundargerð 51. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var 31. janúar 2023 lögð fram til kynningar.

Mál nr. 6 þarfnast umfjöllunar sveitarstjórnar.

Vegna aukinna umsvifa í rekstri Bergrisans bs. leggur stjórn Bergrisans til að ráðinn verði inn starfsmaður í 75-100% starf, tímabundið í eitt ár. Aukin umsvif hafa orðið vegna ytri aðstæðna þar sem gerðar eru auknar kröfur um gæði og uppbyggingu í málefnum fatlaðs fólks og vegna innri þátta sem snúa að fjölgun þjónustusvæða og uppbyggingu er varðar gerð og innleiðingu heildstæðrar stefnu um faglegt starf og húsnaðisáætlun. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að ráðið verði í stöðugildi sérfræðings.


d) Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps var staðfest af núverandi sveitarstjórn í júní 2022 og tók gildi 29. desember 2022 eftir auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Meðan á vinnu við aðalskipulagið stóð vann sveitarstjórn að ýmsum öðrum skipulagsmálum sem nú eru að klárast og liggur fyrir að fara þarf í aðalskipulagsbreytingar til að klára sum þeirra mála. Oddviti fór yfir tillögur að breytingum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir oddviti og Björn Kristinn Pálmarsson vinni aðalskipulagsbreytingarnar áfram með EFLU og skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 10:50.

Saumakompan



TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



**Styrktarreikningur
sveitarinnar er:**

0586-26-456

kt. 490487-1319

Opnunartími Völu og Grænu könnunnar



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Janúar til apríl 2023

Opið mánudaga til laugardaga frá 11 til 16

Mötuneyti opið frá 11:30 til 13:30

Verktakar og vinnufólk athugið!

Mötuneytið á Sólheimum er opið öllum.

Mömmumatur í bland við grænmetis og veganrétti



Tilboð fyrir hópa
Allar upplýsingar í síma 891-7782

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2023

26. janúar	Grunnur að góðu breytingarskeiði, erindi á Flóðum
25. febrúar	Aðalfundur
29. apríl	Ársfundur SSK, haldinn í Félagsheimilinu Borg
Mái	Vorganga í yndisskógi á Borg
17. maí	Vorfundur
5. júní	Vorganga og fögnuður í Mörkinni
17. júní	Fjallkonan
Júni/Júlí/Ágú	Heldriborgaraferð
Júní	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
9.-11. ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
12. ágúst	Grímsævintýri
14. septemb.	Hautfundur/ gróðursetning í yndisskógi á Borg
23. septemb.	Dagsferð að hausti
27. október	Grimuball
Nóvember	Jólabingó
Nóvember	Jólafundur



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

1.-2. BEKKUR FEBRÚAR 2023

Hvað höfum við gert?	Útskýring á því sem var gert hverju sinni.
Árshátíð	Við æfðum leikritið Greases. Við dönsuðum mikið og sungum. Við enduðum svo á að sýna leikritið 2 sinnum sama dag. Fyrir Sólheima og fjölskyldur okkar.
Lífshlaupið	Við skráðum alla hreyfinguna okkar fyrir hvern dag. Við dönsuðum, syntum, fórum á æfingar eins og fótbolta, fimleika, blak og margt fleira.
Lært stafi	Við lærðum stafina Ff, Éé, Hh, Tt, Gg. Svo erum við að fara að læra stafinn Ðð.
Lært tölur	Við erum að æfa okkur að skrifa allar tölur frá 1 - 20 rétt.
Vika 6	Snýst um að kynna okkur fyrir einkastöðunum okkar, læra á mörkin okkar sem og annarra. Eins að kynnast líkama okkar og margt fleira.
Öskudagur	Við fórum í búninga, mættum á ball og sungum fyrir nammi á Borg.
Snjórinn	Við erum búin að vera mikið úti að leika í snjónum. Það er mjög gaman.
Bolludagur	Við borðuðum mikið af bollum og bjuggum okkur til bolluvönd og unnum í verkefnahefti tengt deginum.
Sprengidagur	Það eru ekki flugeldar. Þá á maður að borða sig pakksaddan af saltkjöti og baunum.
Leikskólaheimsókn	Við fórum í leikskólann og þau koma til okkar að leika með kubba, naglalakk, dúkkur og fórum í búðarleik. Við leyfum þeim að leika með okkur. Það er gaman að geta heimsótt þau og fá þau til okkar.
Gunni og Felix	Gunni og Felix komu til okkar að tala og syngja. Gunni var mjög fyndinn.
Tónlistarskólinn	Það er að koma fólk til okkar með allskyns hljóðfæri og spila á það til að kynna okkur fyrir fjölbreyttu úrvali hljóðfæra.

1.-2. BEKKUR FEBRÚAR 2023



Ný orð sem við lærðum	Hvað merkja þau?
Búkur	Það er hluti af líkamanum okkar
Líkami	Það er allstaðar á okkur
Útlit	Það er misjafnt á milli okkar. Það er enginn eins. Engin með eyru, fingrafar.
Öskupoki	Það eru gamlir pokar sem voru hengdir aftan á aðra manneskju.
Pakksaddur/södd	Að borða mjög mikið
Djidda	Hlæja, hafa gaman, syngja og bara allt sem er skemmtilegt.
Túkall	Salkjöt og baunir túkall.... það er gamall peningur.
Grease	Það þýðir ekki Grís heldur er það nafn á Blómynd sem við gerðum leikritið okkar eftir á árs hátíðinni.



1.-2. BEKKUR FEBRÚAR 2023



Á nýju starfsári

Nýtt starfsár fer vel af stað hjá Kvenfélagi Grímsneshrepps. Þann 26. janúar stóðu sex kvenfélög í Uppsveitum Árnessýslu fyrir erindinu „Grunnur að góðu breytingarskeiði“.



Erindið var opið öllum konum og styrkt af verkefninu Heilsuefandi samfélag í Grímsnes og Grafningshrepp og Hrunamannahrepp. Það er skemmst frá

því að segja að húsfyllir var í Félagsheimili Hrunamanna og konur mjög ánægðar með erindi Halldóru Skúladóttur.

25. febrúar var haldinn aðalfundur kvenfélagsins í Félagsheimilinu Borg. Þar fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og ýmis mál voru rædd. Gaman er að segja frá því að kvenfélagskonur eru farnar að undirbúa ársfund Sambands Sunnlenskra kvenna sem verður haldinn í Félagsheimilinu Borg 29. apríl. Þann fund sækja á bilinu 80 -100 konur úr 25 kvenfélögum í Árnes og Rangárvallasýslum.

Félagið heldur áfram að vaxa og dafna því fjórar nýjar konur gengu í félagið á aðalfundi. Ég hvet konur til þess að skoða dagatalið okkar hér í blaðinu og kanna hvort þær hafi tækifæri til þess að kíkja á fund til okkar eða taka þátt í öðrum viðburðum.



Með
kvenfélagskveðju,
Ragna Björnsdóttir



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetrar opnunartími

Mánudaga – Fimmtudaga
14:00 – 21:30

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga og Sunudaga
10:00 – 18:00

**HÆTT ER AÐ HLEYPA OFAN Í LAUGINA
20 MÍNÚTUM FYRIR LOKUN**

Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími: 480- 5530



Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is